

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu árið 2021

Inngangur

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu vinnur skv. samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla inna lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Markmið samþykktarinnar er að tryggja verndun grunnvatns vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins þannig að gæði neysluvatns á vatnstökustað uppfylli ávallt kröfur sem gerðar eru í gildandi löggjöf. Þannig er stuðlað að hámarkshollustu og gæðum ómeðhöndlaðs neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa á vatnsverndarsvæðum vatnsbóla á svæðinu. Verndun er byggð á afmörkun svæðis, stjórnun, eftirliti, vöktun, samvinnu sveitarfélaga og upplýsingagjöf.

Framkvæmdastjórnin kemur fram sem fulltrúi heilbrigðisnefnda eftir því sem við á vegna vatnsverndar og vatnsnýtingar yfir lögsögumörk. Nefndin fjallar um ýmis konar áform er varða skipulag, framkvæmdir og landnýtingu. Fundargerðir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar til umræðu og afgreiðslu á fundum heilbrigðisnefnda.

Stjórnina skipuðu Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (HHK), Árni Davíðsson frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis (nú aflagt) og Árný Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) en hún tók við formennsku af Herði á fyrsta fundi ársins.

Um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

Vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins þekur um 247 km². Svæðinu er skipt í fjóra verndarflokka: Brunnsvæði (3,5% á þekju), grannsvæði (39%), fjarsvæði (49%) og öryggissvæði (8,5%). Brunnsvæðin eru afgirt og lokuð fyrir óviðkomandi umferð, grannsvæðin eru ógirt og umferð aðallega vegna útivistar. Svæðið er skiltað við Svæðið er merkt með skiltum við útmörk þess og er eftirlit eftir þörfum. Grunnvatn og neysluvatn sem kemur frá vatnsverndarsvæðinu er í hæsta gæðaflokki og mikilvægt er að þessi auðlind verði nothæf um ókomna tíð. Jarðfræði svæðisins einkennist af lekum jarðlögum og eru víða sprungur þar sem er opið ofan í grunnvatnið og því er svæðið sérstaklega viðkvæmt fyrir mengun þar.

Samráðshópur SSHFrá framkvæmdastjórn, sat Hörður fundi samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) ásamt fulltrúum veitna og fulltrúum sveitarfélaganna. Haldnir voru nokkrir fundir á árinu þar sem fjallað er um helstu verkefni í tengslum við vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, framkvæmdir á vatnsverndarsvæði og rannsóknir. Meginverkefni samráðshópsins er að tryggja að nauðsynlega

yfirsýn sé yfir þau mál og viðfangsefni sem lúta að vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins og þeim verkefnum sem tengjast svæðinu á hverjum tíma. Framkvæmdastjórnin hefur á liðnum árum talið mikilvægt að efla grunnrannsóknir á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins til að bæta þekkingu á legu grunnvatnsstrauma og er mikilvægur þáttur í þeim rannsóknum að fjölga rannsóknarholum á svæðinu. Grunnvatns- og rennislíkan höfuðborgarsvæðisins gegnir lykilhlutverki við framfylgd vatnsverndar sem og við mat á áhrifum nýrra framkvæmda eða starfsemi á aðrennissvæðum vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins.

Árleg endurskoðun rennislíkans höfuðborgarsvæðisins

Fundir á árinu 2021

Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins hélt þrjá fundi á árinu 2021.

Auk stjórnarmanna sátu fundina Helgi Guðjónsson frá HER og Páll Stefánsson frá HHK.

Fundargerðir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar til umræðu og afgreiðslu á fundum heilbrigðisnefnda höfuðborgarsvæðisins og má nálgast fundargerðirnar á vefslóðum heilbrigðiseftirlitanna.

Helstu mál ársins 2021

- Eldgos á Reykjanesi - Viðbragðsáætlun með gæðum neysluvatn, sem var samþykkt í febrúar 2020, var virkjuð og haft var samráð með viðbragðsaðilum vegna þess og voru vindstefnur og vindstyrkur vaktaður í samvinnu við Veðurstofuna og upplýsingar um efnasamsetningu gosöskunnar skoðaðar í samstarfi við Umhverfisstofnun. Farið var reglulega yfir reglubundna vöktun sem á sér stað á neysluvatni á vegum heilbrigðiseftirlita á vatnsverndarsvæðinu. Auk þess sem rætt var um þann búnað og vöktun sem vatnsveitur höfuðborgarsvæðisins hafa komið sér upp. Engar breytingar urðu á gæðum neysluvatns.
- Gróðurbruni 4. maí 2021 í Heiðmörk - Bruninn átti sér stað í Heiðmörk þann 4. maí 2021 og var Hörður Þorsteinsson hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði á staðnum sem fulltrúi framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.
- Kolviðarhólslína - Heilbrigðiseftirlitssvæðin fengu til umsagnar tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu við endurnýjun á Kolviðarhólslínu 1. Hluti framkvæmdasvæðis er innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins og eru framkvæmdir á því svæði leyfis skyldar hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd. Ástæða framkvæmdanna er auka þarf flutningsgetu línunnar og eins er burðargeta raflínумаstra ekki næg m.a. vegna tæringar. Umræða er um að endurnýja þurfi möstur og skipta um leiðara og að undirstöður verði endurnýttar.
- Ýmis starfsleyfi voru gefin út vegna framkvæmda innan vatnsverndarsvæðisins og má afgreiðslu þeirra sjá í fundargerðum heilbrigðisnefnda höfuðborgarsvæðisins, en fundargerðirnar má nálgast á vefslóðum heilbrigðiseftirlitanna.

Helstu lög, reglugerðir og samþykkt sem gilda um svæðið og kort

- Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.b.
- Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, ásamt síðari breytingum.
- Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 með síðari breytingum.
- Samþykkt nr. 555/2015 um um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar
- Kort af vatnsverndarsvæðinu má nálgast á heimasíðum heilbrigðiseftirlitanna.

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

138. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins haldinn þann 28. september 2022 kl. 12:00.

Til fundarins mættu: Árný Sigurðardóttir, Svava S. Steinarsdóttir og Helgi Guðjónsson, sem jafnframt ritaði fundargerð, frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) og Hörður Þorsteinsson, Ríkharður F. Friðriksson og Páll Stefánsson frá Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar (HEF).

Dagskrá:

HEF fundarefni:

- Húsdýraáburður á öryggissvæði vatnsverndar. Umræður um hvernig bregðast skuli við í slíkum málum og samræmingu milli eftirlitssvæða.
- Umferðarslys í Lögbergsbrekku og olíuleki frá ökutæki. Kynnt aðkomu HEF og umhverfisáhrif lítill þar sem jarðvegur í vegöxl var moldarkenndur sem einfaldaði hreinsun á svæðinu.
- Vegaframkvæmdir í, við og ofan Lögbergsbrekku kynntar.
- Ný samþykkt um vatnsvernd á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands nr. 326/2022 kynnt.
- Breikkun Suðurlandsvegar. Farið yfir næstu skref og umsagnir.
 - Framkvæmdastjórn vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu ítrekar fyrri varnarorð vegna aðgæslu á vatnsverndarsvæðinu á framkvæmdatíma og ítrekar að ekki megi nota Heiðmörk sem hjáleid þannig sé að aukinni umferð sé beint inn á vatnsverndarsvæðið. Finna þurfi aðrar lausnir á því.
- Rannsóknarborholur á Bláfjallasvæðinu.
 - Verkefnið er í vinnslu með verkfræðistofu Vatnaskila en hefur orðið fyrir töfum þar sem UST hefur sett sig á móti einni borholunni. Beðið er eftir endalegum svörum frá UST.

HER fundarefni:

- Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2021 lögð fram til samþykktar.
- Reglubundið eftirlit HER með sumarhúsum á vatnsverndarsvæðinu kynnt og niðurstöður þess.
- Lokanir vega að vetri í Heiðmörk ræddar og sammælt um að það verði með sama fyrirkomulagi og síðustu ár þegar yfirborð vega er hættulegt og aukin hætta á mengunarslysum.
- Brunar að Elliðavatnsblettum 34-35 sem áttu sér stað annars vegar í lok árs 2021 og hins vegar byrjun árs 2022 ræddir og hreinsunarstarf.

Önnur mál:

- Framkvæmdir hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur ræddar. Framkvæmdastjórnin telur þörf sé á auknu samtali milli Skógræktarinnar og framkvæmdastjórnar vegna framkvæmda og umsvifa á svæðinu.
- Frístundahús á vatnsverndarsvæði rædd og heilsársbúseta í þeim.
- Framkvæmdir við nýjar lyftur á skíðasvæðinu í Bláfjöllum kynntar og eins þrýsting á opnun Bláfjallavegar í Hafnarfirði.